



Kynning á niðurstöðum 1. ársfjórðungs 2024/25

Rekstur gekk vel á fjórðungnum og afkoma styrkist á milli ára



Finnur Oddsson, forstjóri

Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs

28. júní 2024

Yfirlit

Fréttir af starfsemi

Fjárhagsuppgjör

Staða og horfur



Fjórðungur í hnotskurn: Lykiltölur

1F 2024/25 (breyting frá 1F 2023/24)

44,1 ma.kr.

vörusala

▲ 6,2%

3,2 ma.kr.

EBITDA

▲ 27,5%

0,9 ma.kr.

Hagnaður

▲ 30,2%

21,6%

framlegðarhlutfall

▲ 2,2%stig

14,7%

launa- og kostnaðarhlutfall

▲ 0,8%stig


35,6%

eiginfjárhlutfall

▼ 1,8%stig


Ytri áhrifapættir: Verðbólga niður en gengi og olíuverð fremur stöðugt

Visitala neysluverðs, Ársbreyting, %



- Verðbólga lækkaði á tímabilinu og endaði í 6.2% - var einnig talsvert lægri en á sama tíma í fyrra þegar verðbólga var nærri 10%

Gengi gjaldmiðla, ISK



- Gengi íslensku krónunnar var nokkuð stöðugt gagnvart helstu gjaldmiðlum, og var á svipuðum slóðum og á samanburðarári

Verðþróun á ULSD (Diesel), USD / mt



- Heimsmarkaðsverð á eldsneyti lækkaði lítillega á tímabilinu, en heldur minna en á fyrra ári – lítil breyting á heimsmarkaðsverði á milli ára

Rekstur: Þetta stendur upp úr á fjórðungnum

- **Rekstur á 1F gekk vel með áframhaldandi veltuaukningu** hjá flestum félögum samstæðunnar
- **Áfram aukin umsvif í dagvöruverslunum**, í seldum stykkjum og heimsóknum viðskiptavina – lítilsháttar **aukning í seldum eldsneytislítrum**
- **Afkoma batnar töluvert**, m.a. vegna aukinnar eftirspurnar, hagræðingar í rekstri og sterkari framlegðar - **framlegðarhlutfall að nálgast jafnvægi úr sögulegu lágmarki**
- **Áfram unnið með framleiðendum og birgjum** að lágmarka og/eða **draga úr hækkun vöruverðs** – árangur hefur náðst og verðbólga matvöru dregst saman
- **Töluverð áhersla á 1F á þróun á staðsetningum, vörum og þjónustum félagsins** – t.d. undirbúningur nýrra bensínstöðva, stækkun Bónus á Ísafirði, Gripið & Greitt innleitt víðar, Skálin kynnt til leiks hjá Hagkaup, o.s.frv.
- Ákvörðun Olís og meðeigenda okkar (Festi) að **hefja undirbúning á sölumeðferð Olíudreifingar, EAK og EBK**




Verðslanir og vöruhús: Áframhaldandi aukin umsvif og bætt afkoma

Rekstrarreikningur 1F 2024/25 (m.kr.)

- Tekjur af dagvöru, sérvöru og vöruhúsum jukust um rúm 7% á milli ára og námu tæpum **31,4 ma. kr.**
- EBITDA styrktist hlutfallslega meira og var **2,45 ma. kr.**, eða 7,8% af tekjum - **jókst um 10%** frá fyrra ári
- Afkoma starfspáttar styrkist um **10%** frá fyrra ári, var **1,44 ma. kr.** miðað við 1,31 ma. kr.
- Seldum stykkjum í dagvöruverslunum fjölga áfram lítillega milli ára, en heimsóknunum viðskiptavina fjölga meira, eða um 5% - **Bónus með sterkan vöxt** en smávægilegur samdráttur hjá Hagkaup
- Eldum rétt hélt upp á 10 ára afmæli - töluvert aukin eftirspurn og fjárfesting skilar hagkvæmari rekstri
- Stórkaup enn sem fyrr í vaxtarfasa og umsvif halda áfram að aukast – rekstur **Zara gekk vel**
- Uppfærsla innviða vöruhúsa gengur skv. áætlun - ný vöruhúsakerfi, stækkun vöruhúss í Skútuvogi, ný vinnsla Ferskra kjötvara, o.fl.

	1F '24/25	1F '23/24	Δ	%Δ
Tekjur	31.430	29.263	2.167	+7,4%
Rekstrargjöld	-28.983	-27.041	-1.942	+7,2%
EBITDA	2.447	2.222	225	+10,1%
EBITDA-hlutfall	7,8%	7,6%	+0,2%	+2,5%
Afkoma starfspáttar*	1.440	1.311	129	+9,8%
Afkomu-hlutfall	4,6%	4,5%	+0,1%	+2,3%

*Afkoma starfspáttar: afkoma eftir afskriftir og áhrif hlutdeildarfélaganna



Bónus: Fjölgun viðskiptavina og ágætur tekjuvöxtur

- **Vörusala á 1F nam 22,4 ma. kr.** og **jókst um rúm 10%** frá fyrra ári – afkoma styrkist hlutfallslega meira á milli ára
- **Áframhaldandi aukin umsvif** – viðskiptavinum **fjölgar mikið** á milli ára og **seldum stykkjum** sömuleiðis
- Bónus sem fyrr **oftast með lægsta vöruverð** samkvæmt könnunum ASÍ – **hagkvæmasti kosturinn áfram eftirsóknarverður um land allt**
- **Lykilteymi stjórnenda hefur verið styrkt að undanfögnu** en nokkrir öflugir liðsmenn bættust í hópinn á vordögum, **m.a. í stöður tengdar innkaupum**
- **Gripið & Greitt** tekið í notkun á Ísafirði og Selfossi – þjónusta vel nýtt, **fleiri en 20 þúsund viðskiptavinir hafa sótt appið**
- **Verslun á Ísafirði var uppfærð, endurbyggð og stækkuð** – ákaflega vel tekið af Vestfirðingum, talsverð fjölgun viðskiptavina



Hagkaup: Afkoma styrkist og vörunýjungar mælast vel fyrir

- **Vörusala á 1F nam 5,9 ma. kr.** og jókst lítillega frá fyrra ári – **rekstur styrkist talsvert á milli ára**
- **Sterk aðsókn í sögulegu samhengi en seldum stykkjum fækkar aðeins** frá fyrra ári - mismunandi eftir flokkum, meðal annars vegna **breytinga á samsetningu vörukaupa**
- **Áframhaldandi mikill fókus á afkomu félagsins**, bæði með **hagræðingu í rekstri** en einnig með **framsækni í verslunum**, t.d. hvað vöruval varðar, hilluröðun, uppsetningu verslana og fleira
- **Veislubjónusta Hagkaups mælist mjög vel fyrir** - uppselt var á öllum helstu fermingar- og útskriftardögum í vor
- **Skálin, nýr skyrbar, opnaði í Hagkaup Skeifunni** og hefur **slegið í gegn** hjá viðskiptavinum - nauðsynlegt að **stækka aðstöðu og afkastagetu** strax eftir nokkra daga
- **Tilboðsdagar og viðburðir áfram vel sóttir**, t.d. „Tax Free“, Danskir dagar, viðburðir tengdir fermingum, o.s.frv.



Olís: Afkoma vel yfir síðasta ári – nýjar stöðvar undirbúnaðar

Rekstrarreikningur 1F 2024/25 (m.kr.)

- **Tekjur á 1F námu rúmum 13 ma. kr.** og jukust um tæplega 350 m.kr. eða um 3% á milli ára - heilt yfir sterkur fjórðungur
- **Seldum eldsneytislítrum fjölgar** - aukning í smásölu en smávægilegur samdráttur til stórnotenda
- **EBITDA nam 767 m.kr. (5,9%) og eykst mikið á milli ára** - sterkur smásölumarkaður, virk birgðastýring, stakar sölur til erlendra aðila
- **Sala á þurrvöru gekk vel og jókst frá fyrra ári**
 - Nýtt **samstarf Olís/Grill 66 með Wolt** hefur farið **vel af stað** og nú þegar er sent út frá 8 stöðvum
 - **Viðskiptavinir taka vel í nýjungar í þjónustu Olís** - vöxtur á milli ára hjá **Grill 66 og Lemon**, og aukinn fjöldi **Dropp afhendinga**
- Nokkur **uppbyggingarverkefni í undirbúningi** - ný þjónustustöð við **Sjafnargötu á Akureyri** og ÓB sjálfsafgreiðslustöðvar á landsbyggðinni

	1F '24/25	1F '23/24	Δ	%Δ
Tekjur	13.068	12.719	349	+2,7%
Rekstrargjöld	-12.301	-12.420	119	-1,0%
EBITDA	767	299	468	+156,5%
<i>EBITDA-hlutfall</i>	<i>5,9%</i>	<i>2,4%</i>	<i>+3,5%</i>	<i>+149,7%</i>
Afkoma starfspáttar*	418	121	297	+245,5%
<i>Afkomu-hlutfall</i>	<i>3,2%</i>	<i>1,0%</i>	<i>+2,2%</i>	<i>+236,2%</i>

*Afkoma starfspáttar: afkoma eftir afskriftir og áhrif hluteldarfélaganna

Félög í starfspætti



Yfirlit

Fréttir af starfsemi

Fjárhagsuppgjör

Staða og horfur



Rekstur gekk vel á fyrsta ársfjórðungi og var í samræmi við áætlanir

Rekstrarreikningur 1F 2024/25 (m.kr.)

- **Vörusala á 1F** nam 44,1 ma. kr. og **jókst um 2,6 ma. kr. eða 6,2%** milli ára
- **Framlegð í krónum** talið nam 9,5 ma. kr. og **jókst um 18,1%** milli ára
- **Framlegðarhlutfall nam 21,6% og hækkaði** um 2,2%-stig - hækkun **bæði í dagvöru- og eldsneytishluta** samstæðunnar eftir sögulegt lágmark á samanburðartímabili
- **Laun hækkuðu** um 11,3% á 1F - einkum vegna **áhrifa kjarasamninga** og **fjölgunar Bónusverslana** milli ára
- **EBITDA** nam 3,2 ma. kr. og **jókst um 27,5%** milli ára
- **Hagnaður** nam 850 m.kr. og **jókst um 30,2%** frá fyrra ári

	1F '24/25	1F '23/24	Δ	%Δ
Vörusala	44.067	41.490	2.577	+6,2%
Framlegð	9.537	8.072	1.465	+18,1%
Aðrar rekstrartekjur	142	194	-52	-26,8%
Laun og launatengd gjöld	-4.377	-3.932	-445	+11,3%
Annar rekstrarkostnaður	-2.088	-1.813	-275	+15,2%
EBITDA	3.214	2.521	693	+27,5%
Afskriftir	-1.381	-1.129	-252	+22,3%
Hrein fjármagnsgjöld	-789	-626	-163	+26,0%
Hagnaður	850	653	197	+30,2%


Framlegðarhlutfall hækkar eftir sögulegt lágmark á fyrra ári

Lykilmælikvarðar rekstrar (3M 2020/21 – 3M 2024/25)


- **Ágætt veltuaukning milli ára** - drifin áfram af auknum umsvifum í rekstri og áhrifum verðbólgu
- **Framlegðarhlutfall hækkar** milli ára en hlutfallið var í sögulegu lágmarki á fyrra ári
- **Launa- og kostnaðarhlutföll** hækka - **launahlutfall** nú 9,9% og **hlutfall annars rekstrarkostnaðar** 4,7%
- **EBITDA hlutfall** 7,3% á fjórðungnum í samanburði við 6,1% í fyrra
- **Hagnaðarhlutfall** 1,9% í samanburði við 1,6% í fyrra

Velta og framlegð

Velta (ma. kr.)




Framlegð (%)




Rekstrar-kostnaður

Launahlutfall (%)




Kostnaðarhlutfall (%)




Afkoma

EBITDA hlutfall (%)



Hagnaðarhlutfall (%)



Handbært fé hækkar um 2,7 ma. kr. á fjórðungnum

Sjóðstreymisyfirlit 3M 2024/25 (m.kr.)

- **Handbært fé frá rekstri** nam 3,9 ma. kr. á tímabilinu til samanburðar við 3,3 ma. kr. á fyrra ári
- **Fjárfestingarhreyfingar** námu 684 m.kr. á 1F en námu 2,4 ma. kr. í fyrra
- **Einkum fjárfest í áhöldum og innréttingum**, m.a. stækkun og endurbótum á verslun Bónus á Ísafirði
- **Fjármögnunarhreyfingar** námu 459 m.kr., samanborið við 898 m.kr. á fyrra ári
- **Handbært fé hækkaði** um 2,7 ma. kr. á 1F og nam 4,6 ma. kr. í lok maí

	3M 2024/25	3M 2023/24	Breyting
Hagnaður tímabilsins	850	653	197
Rekstrarliðir án áhrifa á fjárstreymi	2.361	1.800	561
Veltufé frá rekstri	3.211	2.453	758
Rekstrartengdar eignir	-828	360	-1.188
Rekstrartengdar skuldir	2.484	1.184	1.300
Greiddir vextir og skattar	-977	-662	-315
Handbært fé frá rekstri	3.890	3.335	555
Fjárfestingarhreyfingar	-684	-2.350	1.666
Fjármögnunarhreyfingar	-459	-898	439
Breyting á handbæru fé	2.747	87	2.660
Handbært fé í lok árs	4.574	2.956	1.618

Sterkur efnahagur í lok ársfjórðungs

Efnahagsreikningur 31. maí 2024 (m.kr.)

- **Fastafjármunir námu** 56,8 ma. kr. og hækkuðu um 752 m.kr. frá árslokum - **hækkun má rekja til leigueigna**
- **Veltufjármunir hækkuðu** um 3,6 ma. kr. - þar af **hækkaði handbært fé** um 2,7 ma. kr.
- **Birgðir lækkuðu** um 270 m.kr. frá árslokum en hækkuðu um 1,3 ma. kr. í samanburði við 1F á síðasta ári - **veltuhraði birgða** 11,4 í samanburði við 11,3 í fyrra
- **Vaxtaberandi skuldir námu 17,2 ma. kr.** - þar af vaxtaberandi skammtíma-skuldir 5,8 ma. kr.
- **Eigið fé** nam 29,0 ma. kr. og átti félagið **eigin hluti** að nafnverði 22,1 m.kr. í lok 1F eða 2,0% hlutfjár

	31. 5. 2024	29. 2. 2024	%Δ
Rekstrarfjármunir	22.710	22.410	+1%
Óefnislegar eignir	12.383	12.835	-4%
Aðrir fastafjármunir	21.744	20.840	+4%
Fastafjármunir	56.837	56.085	+1%
Vörubirgðir	12.798	13.068	-2%
Viðskiptakröfur	7.332	6.234	+18%
Handbært fé	4.574	1.827	+150%
Veltufjármunir	24.704	21.129	+17%
Samtals eignir	81.541	77.214	+6%
Skuldir og eigið fé	81.541	77.214	+6%

	31. 5. 2024	29. 2. 2024	%Δ
Vaxtaberandi	11.330	11.286	+0%
Leiguskuldir	10.669	9.660	+10%
Tekjuskattur	2.413	2.193	+10%
Langtímaskuldir	24.412	23.139	+6%
Vaxtaberandi	5.825	5.818	+0%
Leiguskuldir	2.609	2.579	+1%
Viðskiptaskuldir	19.657	17.490	+12%
Skammtímaskuldir	28.091	25.887	+9%
Samtals skuldir	52.503	49.026	+7%
Eigið fé	29.038	28.188	+3%

Arðsemi eigin fjár hækkað miðað við samanburðartímabil

Lykilmælikvarðar efnahags (3M 2020/21 – 3M 2024/25)


- **Arðsemi eigin fjár 18,9%** síðastliðna 12 mánuði
- **Eiginfjárhlutfall** í lok 1F nam 35,6% - **markmið stjórnar** um 35,0% hlutfall
- **Nettó vaxtaberandi skuldir** í lok 1F, að meðtöldum leiguskuldum, voru 25,9 ma. kr. eða 1,9 x 12 mánaða EBITDA
- **Veltufjárhlutfall** í lok 1F var 0,88 samanborið við 0,86 á fyrra ári
- **Veltuhraði í rekstri** var 9,3 dagar samanborið við 12,0 daga á fyrra ári
- **Veltuhraði eigna** var 2,3 í lok fjórðungs - óbreytt frá fyrra ári

Ávöxtun hluthafa


Áhætta í rekstri

Skilvirkni eigna


Arðsemi eigin fjár (%)




Eiginfjárhlutfall (%)




Skuldahlutfall¹




Veltufjárhlutfall²



Veltuhraði í rekstri (dagafjöldi)³



Veltuhraði eigna⁴



1) Nettó vaxtaberandi skuldir (með leiguskuldum) / 12 mánaða EBITDA 2) Veltufjármunir / skammtímaskuldir
3) Veltuhraði í rekstri = dagafjöldi birgða + dagafjöldi viðskiptakrafna - dagafjöldi viðskiptaskulda 4) Vörusala / eignir

Yfirlit

Fréttir af starfsemi

Fjárhagsuppgjör


Staða og horfur



Gengi og stærstu hluthafar

Gengi

Gengi 31.05.2024: 77,5 kr. / hlut




Stærstu hluthafar, eignarhlutur við lok 31.05.2024

1. Gildi - lífeyrissjóður	18,5%	6. Birta lífeyrissjóður	7,5%
2. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild	11,4%	7. Festa - lífeyrissjóður	4,5%
3. Lífeyrissjóður verslunarmanna	10,4%	8. Stapi lífeyrissjóður	3,3%
4. Brú lífeyrissjóður starfsm. sveitarfélaga	9,0%	9. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	3,0%
5. Kaldbakur ehf.	7,8%	10. Lífeyrissjóður starfsm. Rvk-borgar	2,1%

Hagnaður á hlut styrkist áfram

Uppsafnaður grunnhagnaður á hlut seinustu 12 mánuði (kr. á hlut)

- **Hagnaður á hlut eykst áfram** - uppsafnaður hagnaður nú **4,78 kr. á hlut** fyrir síðustu 12 mánuði, sem er 138% aukning frá 3F 2020/21
- **Bætt afkoma** Haga síðustu misseri byggir á almennri **hagræðingu í rekstri, stefnumarkandi ákvörðunum** sem reynst hafa vel, **nýjum einingum** og **auknum umsvifum** hjá helstu rekstrareiningum
- **Áframhaldandi fókus á verkefni** sem hafa **áhrif á rekstur til skemmri tíma**, en einnig á stærri verkefni og **mögulegar nýjar tekjustoðir til viðbótar við núverandi kjarnastarfsemi**




* Áhrif vegna viðskipta með Klasa

Staða og horfur

- Staða Haga og **horfur í rekstri** eru sem fyrr **jákvæðar**:
 - **Rekstrarumhverfi** hefur **þróast til betri vegar** á undanförunum mánuðum - kjarasamningar, launaþróun og verðbólga
 - **Rekstur** helstu eininga **gengur vel**
 - **Hagkvæmasti matvörukosturinn** í boði hjá Bónus og er vel sóttur
 - **Nýjar stoðir í rekstri** og tengd félög **hafa jákvæð áhrif á afkomu**
 - **Hægir á hækkun aðfanga** til dagvöruverslunar - treyst á ábyrga afstöðu birgja um að gætt sé hófs í verðhækkunum og stöðugleiki verðlags tryggður
- **Fjárhagsleg staða samstæðunnar er sterk** og fjármögnun tryggð
- Félagið er vel í stakk búið til að **nýta tækifæri til að byggja nýja tekjustrauma** - en einnig að **takast á við þær aðstæður sem upp geta komið** í íslensku efnahagslífi





Fyrirtæki í samstæðu Haga

BÓNUS

Bónus er keðja lágvöruverðsverslana sem frá stofnun hefur boðið viðskiptavinum sínum lægsta mögulega matvöruverð á Íslandi. Verslanir eru 33 talsins en vöruúrval spannar allar helstu meginþarfir heimilishaldsins.

A **Ð** **F** **Ö** **N** **G**

Aðföng er innkaupa- og dreifingarmiðstöð á smásölu- og stórnotendamarkaði en starfsemi fyrirtækisins felst í innkaupum, birgðahaldi og dreifingu fyrir verslanir Bónus, Hagkaups, Olís og Stórkaup.

HAGKAUP

Hagkaup er leiðandi smásöluvyrirtæki sem leggur áherslu á framúrskarandi þjónustu og fjölbreytt vöruúrval. Verslanir eru 7 talsins, auk netverslunar, en helstu vöruflokkar eru matvara, snyrtivörur og leikföng.

Bananar

Bananar er stærsti innflutnings- og dreifingaraðili á fersku grænmeti, ávöxtum og berjum á Íslandi og jafnframt eitt stærsta innflutningsvyrirtæki landsins. Bananar eru einnig stærsti kaupandi og dreifingaraðili á innlendi grænmetis- og berjaræktun.

olís

Olís sérhæfir sig í sölu og þjónustu með eldsneyti og aðrar olíuvörur, auk skyndibita, ýmissa nauðsynjavara fyrir bílaeigendur ásamt fjölbættri þjónustu við t.d. sjávarútvegs-, verktaka og flutningafyrirtæki um land allt.

STÓRKAUP |

Stórkaup er heildverslun sem þjónar stórnotendum með aðföng á breiðum grunni þar sem leiðarljós í rekstri eru hagkvæmni, nútímalegt þjónustustig og einfalt skipulag sölu og dreifingar. Helstu vöruflokkar eru rekstrarvörur, heilbrigðisvörur og matvörur.

ELDUM RÉTT

Eldum rétt býður viðskiptavinum sínum matarpakka, í gegnum netverslun og verslanir Hagkaups, með uppskriftum og hráefni í réttu magni til að elda hollar og bragðgóðar máltíðir, með sem minnstri fyrirhöfn.

ZARA

Zara er ein stærsta tískuverslunarkeðja í heimi og selur fatnað fyrir fullorðna jafnt sem börn á góðu verði. Hagar reka glæsilega verslun Zara í Smáralind.



HLUTDEILDARFÉLÖG INNAN SAMSTÆÐU



LEMON

VÖRUMERKI INNAN SAMSTÆÐU



Fyrirvari

Af hálfu Haga skal vakin athygli á því að staðhæfingar og upplýsingar í kynningu þessari byggja eftir atvikum á áætlunum og mati stjórnenda félagsins, en ekki á staðreyndum sem unnt er að sannreyna við birtingu kynningarinnar eða umfjöllun af hálfu félagsins um hana. Af þeim sökum fela umræddar staðhæfingar og upplýsingar í sér óvissu.

Þá skal athygli fjárfesta vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi og afkoma félagsins verði með öðrum hætti en gert er ráð fyrir í kynningunni. Kynningin verður ekki endurskoðuð, uppfærð eða breytt að þessu leyti af hálfu félagsins eftir birtingu hennar.

Staðhæfingar og upplýsingar í kynningu þessari gilda eingöngu á því tímamarki þegar hún er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.

hagar

The logo for 'hagar' features the word in a bold, lowercase, sans-serif font. It is enclosed within a stylized, horizontal oval shape composed of two thick, curved lines. The top line is grey on the left and transitions to orange on the right. The bottom line is grey on the left and transitions to orange on the right, mirroring the top line's color scheme.